

# Grundvallarstefna SLAA

©1985, 2003 The Augustine Fellowship, S.L.A.A., Fellowship-Wide Services, Inc. All Rights Reserved.

SLAA er félagsskapur byggður á grunni tólf reynsluspora og tólf erfðavenja AA-samtakanna. Eina skilyrðið fyrir þátttöku í SLAA er löngun til að losna undan áþján ástar- og kynlífsfíknar. Hver deild er rekin með frjálsum framlögum meðlima og er opin öllum sem eru hjálparþurfi.

Til að sporna gegn hinum mannskemmandi afleiðingum ástar- og kynlífsfíknar beitum við fimm meginúrræðum:

- 1. Fráhald.** Við höfnum daglega því hegðunarmynstri okkar, sem við höfum sjálf skilgreint sem vandamál.
- 2. Trúnaðarmennska / fundir.** Við þiggjum fúslega þann stuðning, sem okkur býðst innan SLAA.
- 3. Reynslusporin.** Við vinnum sporin tólf til að verða kynferðislega og tilfinningalega allsgáð og halda sjúkdómi okkar niðri.
- 4. Þjónusta.** Við endurgjöldum öðrum SLAA-meðlimum það, sem samtökin hafa gefið okkur af svo miklu örlæti.
- 5. Andleg vakning.** Við þróum vitundarsamband við mátt æðri okkur sjálfum, sem leiðir okkur áfram og styrkir í bataferlinu

SLAA-samtökin tengjast engum félagsskap öðrum, pólitískum, trúarlegum eða hugmyndafræðilegum, og taka ekki afstöðu til annarra málefna en sinna eigin.

Við erum á hinn bóginn sameinuð í vilja okkar til að takast á við kynferðislegan og tilfinningalegan fíknivanda okkar. Öll höfum við glímt við hegðunarmynstur, sem einkennist af áráttu eða þráhyggju. Þessi sameiginlega reynsla gerir muninn á kynferði okkar og kynhneigðum að aukaatriði.

Við þurfum sérstaklega að vernda nafnleynd allra SLAA félaga. Einnig reynum við að forðast að draga óþarfa athygli að SLAA í heild sinni í opinberum fjölmiðlum.